

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, Stekkanes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 31. október 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að 5,0 ha opið svæði til sérstakra nota á Stekkanesi breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem gert er ráð fyrir gestastofu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31. október 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.